

**Ólína Ákadóttir** er ungur og efnilegur píanóleikari. Hún hóf píanónám sitt fjögurra ára gömul við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar þar sem hún lærði hjá Þórunni Huldu Guðmundsdóttir. Árið 2017 hóf hún nám við Menntaskóla í tónlist þar sem hún lærði hjá Svönu Víkingsdóttur. Frá árinu 2021 stundar hún bakkalárnám við Tónlistarháskóla Noregs hjá Christopher Park. Á dögnum spilaði hún Sláttu, píanókonsernt Jórunnar Viðar, ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar á Siglufirði og í Reykjavík. Í haust heldur hún til Georgíu í skiptinám við Tbilisi state conservatoire.

**Íris Björk Gunnarsdóttir**, sópran, hóf söngnám 21 árs gömul við Söngskóla Sigurðar Demetz. Hún er með bakkalárgráðu frá Listaháskóla Íslands en varði einu ári við Óperuháskólann í Stokkhólmi og söng reglulega í Konunglegu Óperunni. Íris Björk kom fram á tónleikum Ungra einleikara ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg í maí 2021. Fyrr í sumar kláraði hún mastersnám við Óperuakademíu Listaháskóla Oslóar. Frá haustinu er hún með árssamning við Den Norske Opera og mun syngja í fjórum uppfærslum þar á komandi leikári. Á dögnum söng hún Mimi í La Bohème í uppfærslu Bergen Nasjonale Opera Summer Academy.

**Rebekka Ingibjartsdóttir** byrjaði að læra á fiðlu fimm ára gömul. Hún lauk stúdentsprófi í fiðluleik vorið 2015 í Bergen. Rebekka er með bakkalárgráðu í tónvísindum frá Oslóarháskóla, með viðkomu í Köln. Sumarið 2021 kláraði hún bakkalárgráðu í kórstjórn og söng frá Tónlistarháskóla Noregs. Hún stjórnar nokkrum kórum á Oslóarsvæðinu og kemur reglulega fram við ýmiss tilefni sem fiðluleikari, söngkona og stjórnandi. Síðustu tvö ár hefur hún boðið upp á sumarnámskeið í kórsöng í Breiðholtskirkju sem hafa vakið mikla lukku. Hún er einnig hluti af þjóðlagadúóinu Norðfólk sem hefur hlotið styrki til verkefna með kórum og barnakórum víðsvegar um Noreg og á Íslandi. Á dögnum komu þau fram á Þjóðlagahátíð á Siglufirði.



# Sumarnætur

Trío Frigg

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

18. júlí 2023

**Ólína Ákadóttir**  
**Íris Björk Gunnarsdóttir**  
**Rebekka Ingibjartsdóttir**

Jórunn Viðar  
(1918 - 2017)  
Jakobína Sigurðardóttir

## Vökuró

Halldóra B. Björnsson

## Kall sat undir kletti

Agathe Backer Grøndahl  
(1847 – 1907)  
Andreas Grimelund Jynge

## Efter en sommerfugl

## Skjærer

## Blåveis

Fanny Mendelssohn Hansel  
(1805 – 1847)  
Henrich Heine

## Im wunderschönen Monat Mai

Clara Schumann  
(1819 – 1869)  
Friedrich Rückert

## Ich hab' in deinem Auge

Kaija Saariaho  
(1952 – 2023)

## Changing lights

Jórunn Viðar  
(1918 - 2017)  
Halldór K. Laxness

## Únglingurinn í skóginum I og II

Jórunn Viðar  
(1918 - 2017)

## Íslensk svíta: Vikivaki

Jórunn Viðar  
(1918 - 2017)  
Tómas Guðmundsson

## Júnímorgunn

Agathe Backer Grøndahl  
(1847 – 1907)  
Andreas Grimelund Jynge

## Duggdráper

## Mot kveld

## Mor synger

Lili Boulanger  
(1893 – 1918)  
Francis Jammes

## Elle était descendue au bas de la prairie

## Nous nous aimerons

Amy Beach  
(1847 – 1944)  
Robert Browning

## Ah, Love, But a Day

